



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÍSLENSKU LÝÐHEILSUVERÐLAUNIN VERÐA VEITT Í ANNAÐ SINN

Forseti Íslands óskar eftir tillögum frá almenningi um hver ættu að hljóta Íslensku lýðheilsuverðlaunin 2024 sem veitt verða á Bessastöðum í síðari hluta apríl. Verðlaununum er ætlað að vekja athygli á mikilsverðu framlagi á sviði lýðheilsu og auka með þeim hætti áhuga á bættri heilsu og líðan almennings.

Veitt verða verðlaun í tveimur flokkum, annars vegar til einstaklings og hins vegar til samtaka, stofnunar eða fyrirtækis sem hafa látið gott af sér leiða á þessu sviði. Almennungur er hvattur til að senda inn tillögur að verðugum verðlaunahöfum ásamt rökstuðningi á vefsíðunni [lydheilsuverdlaun.is](http://lydheilsuverdlaun.is) ekki síðar en 24. mars.

Þetta verður í annað sinn sem Íslensku lýðheilsuverðlaunin eru afhent en forseti Íslands efndi fyrst til þeirra vorið 2023. Þá hlaut Snorri Már Snorrason verðlaunin í einstaklingsflokki en í flokki starfsheilda varð Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands fyrir valinu. Hátt í 350 tillögur bárust frá almenningi.

Lýðheilsa er samheiti yfir bæði heilsuvernd og forvarnir. Lýðheilsustarf byggir á samvinnu um að bæta heilbrigði þjóðarinnar, líðan og lífsgæði í samfélaginu. Að Íslensku lýðheilsuverðlaununum standa heilbrigðisráðuneytið, embætti landlæknis, Geðhjálp og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, auk embættis forseta Íslands.

27. febrúar 2024

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta Íslands (895 8885).*